

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



ASKLEPIOS OG HYGIEIA

Draumguðinn Asklepios, sem einnig var læknagoð, og dóttir hans Hygieia, gyðja heilbrigðinnar sitja saman á þessari mynd og er gyðjan að gefa slöngu mat úr lófa sínum. Guðinn ber laufsveig um enni og styður niður nýtelgdum staf við hlið sér. Myndin stafar af sér kyrrlátum unaði, og er eftirtektarvert að goðafræðin skyldi setja heilbrigði og lækningar á þennan hátt í samband við svefn og drauma, eins og vissulega er rétt og nú má vel vita. Mörg hof voru tileinkuð Askleposi í fornöld, og leituðu menn þangað til lækninga, einkum með því að leggjast til svefns, og eftirtektarvert er það að kirkja nokkur í Grikklandi hefur á síðari öldum verið látin gegna svipuðu hlutverki.

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

E F N I B L A Ð S I N S

Snorra-Edda og sambandsfræðin, Þorsteinn Guðjónsson bls.	3
Sagan af Bölkotsmöngu, Þorsteinn Jónsson	5
Bréf frá félögum	6
Úr bréfi, Þ.G.	9
Dagbók að handan, Þ.J.	11
Eins og blátt auga, Þ.J.	13
Fundur Nýalssinna og sálarrannsóknafélagsins, Þ.G.	14
Lítil upprifjun, Þ.J.	15

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Félagsstjórn:

Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23.	Sími 82898
Sigurður F. Ólafsson, Fálkanum	Sími 84670
Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121,	Sími 40765
Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni	Sími 30688

Stjórnum sambandsstöðin. Álfhólsvegi 121, Kópavogi

Sími 40765. Almennir félagsfundir þar fyrsta miðvikudag
hvers mánaðar kl. 9 e.h.

SNORRA - EDDA OG SAMBANDSFRÆÐIN.

Oftast er sagt, að Snorra Edda sé kennslubók í skáldskapar-íþrótt, og víst er um það, að þannig hefur hún verið lesin um aldir. Hún var einnig sú bók sem mest hélt á lofti nafni Snorra Sturlusonar allt fram undir 1800, að svo miklu leyti sem hún náði að halda því á lofti - því hvorki var sú bók né höfundur hennar yfirleitt í miklum metum höfð á þeim öldum. Snorri fór ekki að verða neitt tiltakanlega frægur maður hér á landi, fyrr en Norðmenn höfðu uppgötvað snilli hans - eins og höfundur Nýals hefur bent á. Ég fæ ekki betur séð en að nafn Snorra og rit hans, hafi sætt hér um langt skeið nokkuð líkum örlögum og nafn Helga Pjeturss að honum látnum, þegar undanteknar eru þessar fáu og strjálu sálir, sem hafa þarna verið á nokkuð öðru máli en allir helztu menn.

Merkur norskur prófessor sagði eitt sinn í minni áheyrn, að enginn einstakur Norðmaður hefði haft líkt því eins mikil áhrif á sögu Norðmanna og Íslendingurinn Snorri Sturluson. Svaraði ég þá af bragði þessu sem hér var rakið, að Íslendingar ættu það Norðmönnum að þakka að hafa lært að meta Snorra, og bar fyrir þessu "Íslenzkan rithöfund". En ekki sagði honum þó frá eigin verkum þessa Íslendinga, vegna þess að ég taldi það vonlítið, né heldur sagði ég honum að ég teldi kirkjuna hafa átt mestan þátt í að halda frægð Snorra niðri. Þó að Snorri væri hinn mesti vinur og velgerðamaður sumra presta og biskupa, var hann í eðli og öllum áhuga heiðinn, og þetta þoldi kirkjan ekki, og því síður sem hún varð myrkari og miðaldalegri. En þetta gat ég ekki sagt þarna. Stefna Nýals er lengra fram en trúarbrögðin, og ekki á móti þeim, en þar sem hennar gætir ekki, eru menn ýmist með eða móti. Og þá finnst mér ég oft vera í þeirri aðstöðu að geta með hvorugum verið og verða að láta ósagt það sem ég þó veit vera rétt, af því að það mundi verða til að styðja það sem ekki er allskostar rétt. En hérna, í stjörnusambandsstöð, er öðru máli að gegna. Hér er hægt að segja eins og er, án þess að misskilningur verði úr, og um Snorra Eddu er það undireins að segja að hún er nokkuð annað og meira en kennslubók handa skáldum. Snorra Edda er frásagnir af guðum forfeðranna og höfundurinn er ekki aðeins fræðimaður, heldur einnig goðmálugur maður. "Eigi kann eg segja ætt Sifjar, hár hennar er sem gull". Slíkt sem þetta segir aðeins goðmálugur maður og skygg, enda á lesandinn einnig að verða skygg af þessum orðum, og er sönn ritlist í því fólgin að vekja upp skyggni. Snorra Edda er sambandsliður og sambandsvaki og þannig hefur hún verið um aldir. Umfram önnur rit hefur hún veitt landsmönnum það samband við hin fornu goð, sem þrátt fyrir allt hefur haldizt

hér við í aldanna rás, og voru skáldin löngum tengiliðir og miðlarar þessa sambands. Á þennan hátt hélzt tungan við og vonin um endurvakin, en svo þarf þó ekki að vera. Með tilkomu hinnar nýju þekkingar á eðli þessa máls, er nú kostur að hefja sambandið til nýs vegs og fullkomnunar, langt fram yfir það sem áður var. Snorra Edda á enn eftir að gegna sínu merkilegasta hlutverki.

Ein af Ásynjum heitir Gná, og um hana segir svo í 35 kafla Eddu að "Frigg sendir hana í ýmsa heima að erindum sínum. Hon á hest þann er renn loft ok lög ok heitir Hófvarpnir. Þat var eitt sinn er hon reið, at Vanir nokkrir sá reið hennar í loptinu. Þá mælti einn:

Hvat þar flýgr?
Hvat þar ferr,
ok at lopti líðr,

á Hófvarpni
þeim er Hamskerpir
gat við Garðrofu."

Þarna kemur margt merkilegt fram í stuttu máli. Fyrst það, að farið er heima í milli, þar er hnatta í milli, því hugmyndin um marga heima er sprottin af sambandi því sem menn höfðu við hina ýmsu hnetti. Gná kemur úr heimi Ása og Ásynja, en í Vanaheimi er hún gestur, og undrast þeir ferðir hennar. Hún gerir hvorki að fljúga né fara eins og þeir segja, heldur líður hún í lofti. Er þarna alveg rétt lýst ferðum hinna fullkomnari, enda líka sönnun þess að sambönd fornanna voru stundum til betri staða. Líklega er óhætt að segja að sambönd þeirra hafi oft svo verið. Ásaheimur og Vanaheimur eru heimkynni hinnar furðulegustu fullkomnunar. Mun þaðan koma björgun lífsins hér á jörð, ef því verður framtíðar auðið, enda er það fyrir tilstilli þaðan, að þekkingin er hér fram komin á þessum efnum. Verður því þar með ekki á móti mælt að þessir heimar hafi þegar gert sitt til þess að björgun megi verða.

Óðinn sendi Loka í Svartálfaheim að sækja gull, segir í 39. kafla, en annarsstaðar segir um muninn á Ljósálfum og Dökkálfum að þeir séu ólíkir sýnum, en miklu ólíkari reyndum. Eru Ljósálfar bjartari en sól að sjá en Dökkálfar svartari en bik, og eru þetta stórkostlega merkileg orð, sem beinast að hinum tveim stefnum verðandinnar. Enginn furða er það, að Loki skuli sendur í Svartálfaheim, því að uppruni hans mun hafa verið í samræmi við það. En fyrirætlun Óðins var að koma Loka á leið fullkomnunarinnar. Því miður tókst ekki þessi tilraun, og hefur Loka enn ekki orðið betri daga auðið, því svo segir í kvæði Einars Benediktssonar:

"hann þjakast og elskar í sinnar heiptar viðjum.

En minning hann ber um bros frá litverpum gyðjum,
sem bjarma af von í myrkri eilífra nóttu".

Í þessu myrkraríki hjarir Loki enn við ógurlegar þjáningar og þó á hann minningar, sem vilja seiða hann þaðan upp, og vil

ég gefa mig í að bera boðin á milli. Það er furðulega merki-
leg staða- og tvísýn - að vera hér á jörð og hafa þekkingu og
vita í báðar áttir, og við þetta á það sem segir um Ásgarð,
Miðgarð og Útgarð. Ásgarður er heimkynni hins guðlega lífs,
Útgarður helin eða helstefnujarðir, en Miðgarðurinn þar á
milli, mannkyn í frumlífi. Við Miðgarðsbúar eigum kost á að
fara þangað sem við viljum, en hvorn kostinn sem við tökum,
þá eigum við að gera það vitandi vits, en ekki í óviti. Þess-
vegna á líka öllum að verða ljóst að sannleikurinn er á þessa
leið. Öllum á að verða ljóst að lífið eftir dauðann er líkam-
legt líf á öðrum hnöttum, og þessvegna raunverulegt, og einnig
á mönnum að verða ljóst að Miðgarðsjarðir eru mjög margar í
alheimi, eða mannkyn á líku stigi og hér. Sambönd og fjar-
skynjanir eiga að eflast svo og skýrast bæði með Nýalssinum
og öllum öðrum, að þetta liggi alveg ljóst fyrir, og getur svo
hver ráðið það við sig hvora leiðina hann tekur.

Þorsteinn Guðjónsson.

SAGAN AF BÖLKOTSMÖNGU.

Nýlega rakst ég í IV. bindi Grímu á frásögn, sem ég hafði
reyndar lesið áður, en ég veitti fyrst athygli nú vegna þess,
sem vikið er að í niðurlagi greinar minnar um Dagbók að
handan. Er þetta frásögn af konu nokkurri, sem kölluð var
Bölkotsmanga og uppi mun hafa verið á seinni hluta síðast-
liðinnar aldar. Hafði hún að vísu verið gift tvisvarsinum, en
þar sem hún þótti víst líttásjáleig og að öðru leyti ekki vel gef-
in, þá naut hún ekki ástúðar manna sinna, sem höfðu víst
heldur ekki giftst henni til að leita eftir slíku. Kom svo, að
hún drekkti sér líklega af þessum ástæðum. Og þó að hún
hafi víst á þann hátt ætlað að gleyma sorg sinni og finna frið,
þá virðist það ekki hafa tekist betur en svo, að nú gerðist hún
reimleikavaldur hinn mesti. Fylgdu þeir reimleikar hinum
eftirlifandi seinni manni hennar með þeim afleiðingum, að hann
varð nálega óalandi og óhýsandi vegna ónæðis, sem af honum
stafaði, og er það eftirtektarvert, að þeim ófögnuði létti þó
loks af á heimili bónda nokkurs, sem mikils megandi var og
gott traust hafði. En eftirtektarverðast þykir mér þó, hvernig
endi reimleikanna varð. - Það var síðla kvölds, að hinn hrjáði
ekkill BölkotsMöngu kom á bæ bónda þessa, en þangað hafði
honum verið ráðlagt að leita sér trausts, og var hann þar lát-
inn sofa í baðstofu ásamt mörgu öðru fólki. Og þegar til svefnis
hafði verið gengið, þá gerðist enn eins og venja var, þar sem
hann var niður kominn. Reimleikar hófust eða aðsókn. En í
þetta sinn var það stúlka nokkur, sem fyrir þessu varð, en
ekki ekillinn. Ærðist stúlkan þar sem lá nýsofnuð, og í ó-
ræði svefnrofanna hljóp hún upp í rúm til eins vinnumannsins,

sem ekki einungis tók vel og mannlega á móti henni og tókst að róa hana, heldur virðist hafa þótt að henni hinn bezti fengur, því að hann hafði hana jafnan í sæng hjá sér síðan og giftist henni. Og þetta var nú einmitt það, sem virðist hafa fært BölkotsMöngu friðinn. Eftir þetta brá svo við, að hún gerði engum manni ónæði frammar, og var það líka í samræmi við það, sem hún átti að hafa sagt einhverjum í draumi stuttu síðar. Var það á þá leið, að við það að geta komið á þessu ástasambandi, hafi hún sjálf hlotið ró, og má nú hver sem vill geta sér til um það, hvort hún muni þá ekki einnig hafa farið að njóta einhvers slíks sambands.

Þorsteinn Jónsson.

BRÉF FRÁ FÉLÖGUM.

Eitthvað hefur verið orð á því haft að þátttaka í ritun félagsblaðs Nýalssinna þyrfti að verða almennari en er, og er ekki að efa, að svo myndi verða jafnskjótt og eitthvað greiddist fyrir hugaraflið færi að aukast. Orsök þess að hinir bezt hugsandi koma sér lítt við er sú, að helstefnumagnan á sér stað í mannfélaginu og verkar það lamandi á hugsun þeirra sem stefna í gagnstæða átt. Því fremur sem hinir réthugsandi gera sér grein fyrir þessum áhrifum - beinum helgeislaáhrifum - og hvaðan þau stafa, því fremur mun þeim auðnast að rísa þar í gegn og ná orku sinni, til ritstarfa og annarra verka sem þeir munu verða ágætir af. Hinar einföldustu undirtektir geta stundum verið hin merkilegasta byrjun, og með því að láta til sín heyra, auka þeir sem í fjarlægð búa samband sitt við félagið og greiða jafnframt fyrir öðrum að gera það (Lífaflsvæði).

Þó nokkuð hefur félaginu eða stjórnarmönnum þess borizt af bréfum í vetur frá hinum ýmsu félögum sem fjarri búa, og væri ástæða til að taka margt af því upp til birtingar. Hér verður þó aðeins tekið stutt eitt eftir hverjum einum, til þess að lengja ekki málið, og kemur hér fyrst kafli úr bréfi frá Bjarna Bjarnasyni, sem skrifar austan úr Hornafirði 23. okt. s.l.: "Mikillega þakka ég bréfið frá ykkur félögum. Mér var það mikið fagnaðarefni. Hefur hugurinn oft að undanförunu hvarflað að byggingu Stjörnusambandsstöðvarinnar. En alltaf hafa þær hugleiðingar endað með því, að mér hefur fundið að hvíslað væri að mér, að hún muni rísa af grunni, og að þar mundi hefjast starfsemi sem eftirtekt vekti. En hér finnst mér að gerzt hafi atburður hliðstæður kraftaverki.. Ég er þess fullviss að 26. okt. n.k. verður minnzt sem sögulegs viðburðar í framtíðinni".

Næst kemur hér bréf frá öðrum Skaftfellingi, Þorbergi Jóns-syni í Prestsbakkakoti á Síðu, dags. 19. okt. s.l., og er nógu

skemmtilegt að sjá að það byrjar á sömu orðunum og hitt frá Bjarna. Þetta ágæta bréf hljóðar þannig: Mikillega þakka ég bréf ykkar og fundarboð. Oft hefur mér verið hugsað til þessarar stundar og hvort mínar ástæður myndu leyfa, að ég gæti þar verið við.

Svo mun þó ekki verða, en taka mun ég þátt í henni engu að síður. Að þessum áfanga skuli náð, gleður mig innilega. Þegar ég hafði lesið bréfið fannst mér sem allt hefði breytt og nú mundi sú stund komin, að sá alheimskraftur og kærleikur sem engin takmörk þekkir, gæti nú farið að koma sér svo við, að draga mætti eitthvað úr ört vaxandi hraða þeirrar helreiðar sem nú er farin svo að segja hvert sem litið er. Ekki má þó skilja þetta svo, að ég haldi að tákni og stórmerki muni ske, en hitt leyfi ég mér að gizka á að hér muni verða um þann viðburð að ræða, að öðrum verði ekki við jafnað, þrátt fyrir það þótt hin almenna viðurkenning á því kunni eitthvað að dragast. Óska ég svo ykkur og stjörnusambandsstöðinni allrar blessunar og vona að ég fái hana augum litið, þótt síðar verði".

Þetta segir Þorbergur Jónsson, og hvort sem mönnum hefur nú fundizt opnun stöðvarinnar svara þeim eftirvæntingum sem við hana voru bundnar, þá er víst, að töluvert hefur áunnizt bæði með opnun hennar og starfinu við hana síðan.

Næst kemur bréf frá Páli Björnssyni á Fagurhólsmýri: "Ég þakka kærlega nýlega móttekið bréf og boð um að vera viðstaddur fyrsta fund í nýja húsinu. Þar hefði ég að vísu gjarnan viljað vera með en þykist þó því miður ekki vel eiga heimanengt núna. En ég vona að ég eigi eftir að koma þarna, og lánið verði svo með okkur að þangað verði betra að koma, heldur en maður getur gert sér grein fyrir nú. Ég fagna innilega yfir þessum áfanga, sem náðst hefur með þessu húsi, og vona af heilum hug, að áhrif þeirrar starfsemi, sem þar er ætlað að fara fram, megi valda straumhvörfum í lífi okkar jarðar".

Flosi Björnsson, Kvískerjum, skrifar: "Aðeins fáar línur í til efni af tilkynningu félagsstjórnarinnar um opnun stjörnusambandsstöðvarinnar 26. f.m., þar sem ég vil árna heilla því starfi sem þar fer fram, og óska þess að stöðin megi verða upphaf að farsælli þróun í samræmi við kenningar Helga Pjeturss. Því að hvernig sem á er litið, hlýtur stöð þessi að teljast merkilegur áfangi".

Fleira ritar Flosi, varðandi ýmsar útgáfur á ritum Helga Pjeturss, sem hann hefur í huga, og mun það allt verða athugað nánar þegar föng verða á að efna til slíks.

Klemens Guðmundsson, Bólstaðarhlíð, A.Hún. skrifar (dags. 21. okt. s.l.). "Þakka fundarboð ykkar og bréf. Ég býst ekki við að geta komið á fundinn hinn 26. þ.m., en mun fylgjast

með í anda þeirri samstillingu og öðru sem þar kemur fram. Ég gleðst yfir afreki ykkar að koma húsinu upp, og líf með bjartsýni á starfið sem þar mun fara fram á komandi árum.

Ég trúi því, að hið mikla samband takist: sambandið við íbúa annarra hnatta og er hjartanlega samþykkur að opnuð verði stjörnusambandsstöð í nafni Helga Pjeturss, hin fyrsta áþessari jörð".

Þá skrifar einn af Suðurlandi, sem enn hefur ekki gerzt félagsmaður, og hefur þó veitt félaginu lið, og er hér birt niðurlag bréfs hans: "Þegar ég í morgun var að hugsa til ykkar, var eins og hvíslað að mér: "Þú verður að skrifa honum Þorsteini í dag, það má ekki minna vera". Ég hef nú reynt að hlýða þeirri rödd, og hefði þó mátt betur gera. Ég óska ykkur alls hins bezta, góðs árangurs af samkomunni í dag og framvegis. Megi þessi fámenni hópur vaxa með batnandi hugsun og birtu".

Eftirtektarvert er það, hve bréf þessi eru yfirleitt vel orðuð, og tek ég betur eftir því nú en þegar þau voru að berast. Er það eitt sem bendir til þess að versta slenið sé nú að hristast af okkur. Þá er ekki síður eftirtektarvert hve Ameríkubréfin eru á furðugóðri íslenzku. Inga S Árnason í Árborg, Man. hefur skrifað okkur mörg bréf og tek ég ekkert upp úr þeim að sinni, en því meiri ástæða væri til að birta grein þá sem hún skrifaði í Lögberg-Heimskringlu, um kenningar Nýals samhliða frétt um það að stjörnusambandsstöð hefði verið opnuð og reist á Íslandi. Grein Ingu er mjög skemmtileg og ber vott um ágætтар gáfur hennar, en líklega verður ekki rúm til að taka hana upp í þetta blað. En blaðið Lögberg-Heimskringla, 19. jan. 1970, með greininni, fæst í bókabúð Æskunnar í Reykjavík, og er það dálítið skemmtilegt að Vesturheimsblað skuli verða fyrst til að birta frétt af þessu máli.

Steinunn Inge, Foam Lake, Sask., skrifar: "Ég þakka kærkomið sendibréf meðtekið í dag, og skilaðu þakklæti til allra Nýalsinna og sérstaklega til stjórnar Nýalssinnafélagsins, sem sendu hlýlegt vinarbréf og skýrðu mér frá, að 26. þ.m. (sunnudag) verði öllum félagsmönnum Nýalssinna og öðrum boðið til þessa fyrsta fundar. Ég þakka þeim og óska þeim blessunar Guðs óendanlega, og hugsa heim þann dag á þeim tíma af öllu hugarafli mínu, þeim til heilla og blessunar."

Steinunn er fædd 1. apríl 1874 og verður því orðin 96 ára þegar þetta kemur fyrir augu lesenda.

Frú Guðrún Grímsdóttir Eyjólfsson í Clarkleigh, Man. skrifar: "Ég sendi þér Lögberg-Heimskringlu, blaðið sem getið er um stjörnusambandsstöð, sem farið væri að starfrækja heima. Mér þótti vænt um þá frétt og vona ég til Guðs, að hún nái þeim tilgangi sem hún er stofnuð til.

Ég á allar bækurnar hans Dr. Helga Pjeturss, og fellur þær því betur sem les þær oftar. Ég hef þá sannfæringu, að lífið héðan haldi áfram á öðrum stjörnum. En þær eru líklega mismunandi og misjafnar eins og við manneskjurnar erum og bezt að forðast allt sem illt er. Blessun og beztu óskir fylgi ykkur með þessa tilraun."

ÚR BRÉFI

Mér þótti ég vera staddur á höfða nokkrum við sjó ásamt fleira fólki, öllu fremur ungu. Umhverfið man ég ekki glögggt, en það var áreiðanlega fagurt og vakti mjög þægilega kennd og vellíðan. Mér er birtan minnistæðust. Ekki held ég að séð hafi til sólar, en birtan var bláleit og mjög þægileg. Ég vissi að við vorum þarna á einhverskonar námskeiði, sem var bundið ákveðnu starfi, sem við áttum að takast á hendur og þótti mér mjög vandað til alls undirbúnings. Ekki man ég hvernig kennsla þessi fór fram, en hún var að mestu í formi þjálfunar. Eitt man ég þó mjög glögggt í þessu sambandi. Mjög margvís og fróð kona (völvu) hafði aðsetur neðan sjávar, og fórum við þangað, nokkur hópur, að hlýða á fræðslu hennar. Við fórum gegnum sjóinn sem þurrt land væri og svo fannst mér allir vera þarna, bæði menn og skepnur, og var það í draumnum sem sjálfsagður hlutur.

Ekki man ég til að kona þessi hefði aðsetur í neinum sérstökum hýbýlum. Hún hafðist við á klettastalli, sem vaxinn var miklum gróðri. Ekki þó sjávargróðri eins og við þekkjum, heldur trjám og blómjurtum. Allt þetta fannst mér eðlilegt og sjálfsagt í draumnum. Ég minnst þess sérstaklega hve sjórin var tær, bjartur og lygn alveg niður að botni og þó þótti mér vera þarna allmikið dýpi. Við vissum frekar af völvunni en við sæjum hana, en ekki man ég neitt hvað hún sagði okkur eða hvað okkur fór á milli. Þegar við vorum komin úr þessum leiðangri kom fyrir eina atvikið í draumnum sem vakti hjá mér nokkra furðu og hefi ég ráðið það þannig, að ég hafi þá um stund, losað aðeins svefninn og vökuvitund mín hafi fengið einhver áhrif - Eftir sjónum, skammt frá botni, sá ég renna sem á þurru landi allstóran ærhóp og man ég glögggt að ein ærin var svört og fór sú framarlega. (Ég vil skjóta því inn, að mig dreymir oft búfé og er það kannske eðlilegt, séu stilli-áhrifin höfð í huga).

Það næsta, sem ég man úr draumnum er það að við erum komin tvö saman úr áðurgreindum hóp, og fannst mér að félagi minn væri kona - að gili nokkru eða gjá á mjög eyðilegum stað. Þar var hvergi sjáanlegur gróðurvottur, en grjóturð og berar klappir alltum kring og staðurinn hinn ömurlegasti: Birtan var svipuð því og þá er hálfrokkið er og sortnaði því meir, sem lengra sá hinumegin gjárinna. Hinsvegar þóttist

ég vita af dagsbirtu í þeirri átt er við höfðum komið úr. Allt í einu er komin til okkar, úr sortanum, hinumegin, mjög viðbjóðsleg mannvera. Svo viðbjóðsleg að því er ekki hægt að lýsa. Stafaði frá henni miklum óhugnaði. Vera þessi var ekki illileg, en fyrst og fremst sem hún væri hjálparþurfi, en þó óaði mér við að nálgast hana, þar sem hún lá þarna í óhugnaði sínum og eynd. Þá bregður svo við að vera sú, er með mér var leggst niður hjá henni og þétt upp að henni. Fannst mér þá í draumnum sem heldur birta í kringum þær.

Ekki er mér ljóst hve langan tíma þetta ástand varði, en allt í einu er vera sú, er með mér var horfin og fannst mér hún hafa verð færð burtu á, það sem við mundum kalla "yfirnáttúrulegan hátt".

Fannst mér að farið mundi með hana á stað þann er við vorum á áður eða einhvern slíkan, til hvíldar og hressingar, að loknu hennar ákveðna verki. Vera sú er kom til okkar úr sortanum, handan gjárinnar, var ennþá að vísu vesöl, en ekki nærri eins óhugnanleg og áður. Þótti mér hún þreytuleg og óákveðin og sem í vafa hvað hún ætti við sig að gera og líkt og hún áttaði sig ekki á umhverfinu.

Hélt hún að lokum í átt þá er við komum út og örlaði þar á dagsskímu út við sjóndeildarhring. Fannst mér sem henni væri leiðbeint af einhverjum á þess ég yrði þó nokkurra var.

Nú bregður svo við að ég er kominn yfir gjána og er þar fyrir grjótbyrgi, fremur hrörlegt, sem mér fannst vera einna líkast því sem lýst er hjásetubýrgjum unglinga er sátu yfir kvíaám. Vissi ég að þarna átti ég að hafa á hendi einhverskonar varðstöðu, er var í því fólgin að leiðbeina fólki, er vildi komast úr myrkrinu og auðninni og yfir gjána. Fannst mér þó að slíks væri lítil von og sjaldgæft væri að menn þeir, er ég vissi af úti í auðninni, kæmu að gjánni. Maður var við byrgið, er ég kom yfir um og var hann að dytta að því. Átti hann að leiðbeina mér um stundarsakir og koma mér inn í verkið. Ég man að í mér var geigur og hraus mér heldur hugur við vistinni þarna. Varð svo draumurinn ekki lengri því að nú ber svo við að ég glaðvaknaði og var þó ekki kominn morgun. En það ber sjaldan við, að ég vakni þannig um nætur án þess að þurfa á fætur.

Ég hefi ráðið þennan draum svo, að þarna hafi átt sér stað björgun á manni úr Víti og að við þessa gjá hafi verið einskonar útverðir hins góða. Því að glöggt vissi ég í draumnum að við áttum ekki, og jafnvel gátum ekki, farið lengra inn í þennan myrkraheim. Gaman væri að fá álit þitt og annara féлага á draumi þessum.

STEFÁN HALLDÓRSSON

Areiðanlega er grjótbyrgið til, þar sem varðstöðu skyldi hafa, en í þessu sambandi dettur mér einnig í hug, það sem ég las

nýlega eftir Bandaríkjamann, sem stundar rannsóknir fyrirburða: (Segist honum svo frá að hann hafi í barnæsku dreymt martraðadraum og jafnan vaknað af þeim gagntekinn af skelfingu. Þegar hann hugleiddi þetta á milli, í vöku, segir hann að upp hafi komið í sér þrái gegn því að láta fara svona með sig, og tók hann það ráð að neyða sjálfan sig til að sofna aftur, þegar hann var nývaknaður af slíkum draumi. Þótti honum þá sem hann talaði til óvætta þeirra sem ofsóttu hann í draumnum, ýmist til sátta eða til að yfirbuga þær, og þótti honum þetta takast. Eftir að þetta hefði gerzt 8 - 10 sinnum, hætti hann að fá martröð. Auðsjáanlega hefur þarna tekizt að stilla draumgjafann til magnanar, þannig að hann má sín betur gegn ofureflinu. Þetta er það sem jafnan þyrfti að vera hægt, og skulum við óska Stefáni þess að hann nái aftur sambandi við þennan draumgjafa, til þess að vita ástæður hans nú og síðan að efla hann.

Annað var það í þessari frásögn sem ég tók sérstaklega eftir. Það var að varðmanninum þótti þess lítil von að nokkrir af vesalingum þeim sem hann vissi af úti í myrkrinu, myndu fara að snúa við. Þetta er eitt hið allra mikilverðasta. Hver er sú stefna, eða hreyfing, sem örvar lífsviljann, svo að menn fara að vilja ná sér upp, þrátt fyrir alla örugleika? Það hlýtur að vera sú stefna sem lítur á lífið eins og það er, sem hreyfingu í efni, í tengslum við hreyfingar efnis á öðrum hnöttum.

P. G.

DAGBÓK AÐ HANDAN.

Nokkur ástæða virðist mér vera til þess að ætla, að þrátt fyrir viðgang og vöxt ýmsrar heimsku sé nú heldur að greiðast fyrir viti í því, sem fram kemur hjá miðlum, og gæti það vel verið að þakka samtökum eða samtakaviðleitni Nýalssinna. Þannig kom hér út í fyrravetur bókin "Að handan", sem var ósjálfrátt skrifuð og síðar þýdd á Íslenzku, en eins og ég hefi áður vikið að, þá kom þar mjög greinilega fram stuðningu við þá Íslenzku hugsun, að það sem þúsundir miljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum. Og nú er enn um að ræða samskonar bók nýútkomna, sem að ýmsu leyti miðar í sömu átt. Að vísu er það mjög auðsætt, að ritari þessarar bókar, sem einnig er ósjálfrátt skrifuð og af konu eins og hin fyrrnefnda bók, er mjög fjarri þessum skilningi stjörnulíffræðinnar. Svo fjarri er hún þeim skilningi, að í formála sínum, sjálfrátt skrifuð, tekur hún það fram, að orðið "astral", sem í bókinni sé stundum notað, sé vanvirt með því að láta það tákna stjarnlegur, enda virðist flest heimspækihugsun vera þarna óljós og fremur klaufalega framsett. En þar sem verið er þarna að segja frá staðreyndum eða einhverju, sem gerzt hefir, gegnir öðru máli. Þar kemur líka víða fram eitt og annað til stuðnings stjörnulíffræðinni, þó að

oft sé að vísu vegna rangskilnings ritarans reynt að spilla því, og skulu hér nú tilfærð nokkur dæmi.

Sá sem ritmiðill þessi eða miðilinja telur vera stjórnara sinn að handan, (en hún segist vera vitandi vits þegar ritunin fer fram), skilst mér að verið hafi einhverskonar hershöfðingi og hátt settur maður, sem stundum réði fyrir manndrápum og framdi slíkt jafnvel sjálfur, þegar því var að skipta, og þarf því ekki að undra, að hann skyldi í fyrstu koma fram á fremur ömurlegum stað. En áður en mjög langt leið virðist hann þó hafa farið að komast á framfaraelið og þó ekki án tilstillis hjálpanða líkt og segir af í sögu Frímanns í Sannýal. Og eins og þar kemur þarna mjög ljóslega fram, að um líkamlegt líf er að ræða. "Er ég fann til líkama míns", segir þarna á fyrstu síðu, "varð mér ljóst, að ég stóð á fótum, og þótti mér furðulegt, hversu auðvelt ég átti með allar hreyfingar. En ég þorði ekki að hreyfa mig í neina átt vegna hinna skuggalegu hindrana, sem ég skynjaði í kring um mig". Síðar segir frá því, að ofurlítið virtist rofa til, og þóttist hann þá fara að sjá engi, limagirðingar og tré, og bendir slíkt til þess, að ekki hafi þarna verið myrkheimur, þótt ömurlegur væri. Enn segir frá því, að hann var staddur á árbakka nokkrum, og að skuggar, sem hann þóttist hafa orðið var við umhverfis sig, reyndust gerðir af áþreifanlegur efni. Og eftir að hann hafði svo gert sér ljóst, að þessi tilvera sín var ekki einungis langvarandi martröð, segir svo:

"Ég fann að líkami minn var gerður af holdi og blóði. Furðulegt! Ég reyndi að tala, en úr því varð einungis stuna. Ég stóð upp og gekk um, og fann aftur, hve léttir og stæltir limir mínir voru, (ef til vill vegna viðbrigða frá því, sem kann að hafa verið rétt fyrir dauða hans). Þá settist ég að nýju á árbakkann til þess að hugsa meira".

Eftir að hafa hímt eða ráfað um í þessari skuggaveröld svo vikum eða mánuðum skipti segir næst frá því, hversu hugur hans eða löngun hafi loks stýrt fótum hans til borgar nokkurrar, og mun þar þó fremur hafa verið hugur einhvers annars eða annara en hans sjálfs, sem þar hefir verið að verki. Fór hann þá að sjá fyrir sér húsapök og reykháfa, og "er ég kom nær", segir hann, "líktist staðurinn svo mjög borg, sem ég hefði alveg eins getað komið til á jörðinni, að hugsunin um, að þetta væri ekki jörðin, heldur land dauðans, tók að hverfa mér. Svona venjuleg, svona afarjarðnesk voru úthverfi litla bæjarins".

Þar sem bók þessi mun nú hvarvetna vera fánleg í bókaverzlunum, þá er í rauninni ekki þörf á að vera að rekja efni hennar hér. Þeir, sem vilja, geta því lesið hana sjálfir. En þó vil ég geta þess enn, að auk þess, að víða kemur þar fram, að einungis er um aðrar jarðir að ræða, þar sem heimur hinna framliðnu er, og mjög tilsvarendi þessari að landaskipan og

öðru, þá kemur þarna fleira fram, sem mér þykir ástæða til að vekja athygli á. Þannig er á bls. 77 til 80 eftirtekta-verð lýsing á "dauða" manns, sem gamall var orðinn í annað sinn og nú hlaut því að hverfa burt til annars og betri staðar. Er sú frásögn mjög í samræmi við þann skilning minn á orsök gömlunarinnar, sem ég áður hefir gert grein fyrir og er framhald þess skilnings míns á allri lífsþróun, að hún sé nám eða minningasöfnun. Segir svo um þennan atburð í bókinni:

"Endalokin komu skyndilega. Ég kallaði á hann, og var sagt, að hann væri sofandi. Við stóðum umhverfis hann og virtum fyrir okkur hinn kyrrstæða líkama hans og ljósið, sem óx og minnkaði til skiptis. Á einu andartaki komu umskiptin. Ljósið safnaðist saman og myndaði svo sterkt, ákaft og innlegt hugsana-gerfi (hér hlýtur eitthvað að vera málum blandað), að við gripum andann á lofti og snerum okkur undan. Síðan hvarf allt og aðeins var eftir svipur vinar okkar, er eyddist og máðist út okkur ásjáandi".

Þar sem harmur hins særða leystist upp eins og dökk fyrir sólu, rennur hryggðin særandanum í brjóst eins og kalt ísvatn. Þannig varð mér að orði einhverntíman, þegar ég var ekki allskostar fjarri því að vera goðmálugur, og studdist ég þar þó einnig við eigin reynslu. Og mjög virðist nú einmitt þetta hafa farið að sækja á hinn látna herforingja, þegar á hina betri braut var komið fyrir honum og hann eignaðist heimili á unaðslegum stað. Fór hann þá að vakna til vitundar um það, sem hann hafði öðrum rangt gert, og er ekki ólíklegt að það sé rétt, sem þarna segir, að sársaukinn vegna þess hefði orðið honum ofraun, ef hann hefði þá ekki verið búinn að öðlast meira en frumlífsstyrk. Er einmitt ekki ólíklegt, að slíkur sársauki sem þessi sé ekki sízt það, sem í framlífi knýr einn og annan til þess að verða þar hjálpanna. Og enn er í bók þessari getið um nokkuð það, sem fremur fágætt er að minnst sé á í framlífsfrásögnum, og ekki er með öllu óskyld eftirsjá rangrar breytni. En það er varðandi sambönd kynjanna. Þannig er þarna getið um fólk, sem í þessu framlífi sínu þurfti að fá uppbót á því, hafi það í frumlífi sínu farið á mis við kynferðislega reynslu og er svo að skilja, að jafnt um líkamlegan sem andlegan ástarunað sé þar að ræða. Er þar enn eitt, sem þarna vitnar um, að framlífið sé í alla staði jarðneskt.

P. J.

EINS OG BLÁTT AUGA.

Væntanlega eiga þær eftir að leiða af sér ýmiskonar þekkingar-
auka þessar frækilegu tunglgerðir Bandaríkjamanna, og er því

ástæða til að ætla, að kostnaðurinn við þær geri meira en að borga sig. Er þar eitt af því, sem þegar hefir þar áunnist í þekkingarátt, að vitað mun nú fyrir víst, að tunglið er ekki afsprengi jarðar á þann hátt, sem sumir hafa haldið. Hefir það samkvæmt athugunum á grjóti þess orðið til ásjálfstæðan hátt og um líkt leyti og jörðin, og hefir þar því á annan veg reynst en mig minnir að ég hafi einhversstaðar séð, að verið hafi ætlun manns nokkurs, sem eitt sinn setti sér það mark að afsanna jarðfræðiniðurstöður HelgaPjeturss. Og svo var það nokkuð annað varðandi tunglgerðina fyrri, sem mér þótti gaman að sjá. Í "Vikunni" var fyrir nokkru birt eitthvað úr ferðasögu eins tunglfarans, og var það að vísu lítt merkilegt. En með því skolaði þó fram þeirri athyglisverðu athugun tunglfarans, að frá tunglinu séð sé jörðin eins og blátt auga, og getur ekki verið um að villast, af hverju sá blámi muni stafa. Þar sem lönd jarðarinnar eru ekki fyrst og fremst blá og sjórinn varla heldur, þá hlýtur blámi þessi að stafa frá loft-hvolfi hennar, og væri nú fróðlegt að vita, hvort fræðimenn geta lengur komist hjá þeirri ályktun, að lofthvolfið muni raunverulega vera blátt en ekki litlaust, eins og þeir hafa talið.

P. J.

FUNDUR NÝALSSINNA OG SÁLARRANNSÓKNAFÉLAGSINS

2. apríl 1970 fór fram í Sigtúni við Austurvöll almennur umræðufundur, sem óvenjulegur var bæði fyrir það hvað rætt var og fyrir það hverjir stóðu saman að honum. Fundarboðendur voru Félag Nýalssinna og Sálarrannsóknafélag Íslands, og umræðuefnið: Hvers eðlis er framlífið? Ræðumenn af hendi Nýalssinna voru Þorsteinn Jónsson, Þorsteinn Guðjónsson og Sveinbjörn Þorsteinson, en af hendi Sálarrannsóknamanna: Úlfur Ragnarsson, Læknir, Sveinn Ólafsson fulltrúi og Sigurlaugur Þorkelsson. Guðmundur Einarsson frá Sálarrannsóknafélagi Íslands var fundarstjóri. Úlfur Ragnarsson og Þorsteinn Guðjónsson fluttu framsöguerindi, en síðan varpaði fundarstjóri fram þessari spurningu: Hvernig sannfærðist þú um að framlíf ætti sér stað? og reyndu allir viðmælendur að svara því, hver fyrir sig. Upp úr þessu hófust viðræður sem stóðu fram að hléi, en eftir það var meira um spurningar frá öðrum fundarmönnum og var þeim beint til viðmælenda.

Það kom fram í umræðum þessum að Sálarrannsóknamenn halda sig enn við þann gamla skilning að framlífið sé eingöngu andlegt, og sýndu þeir þó að ýmsu leyti töluverða sanngirni í þessum umræðum. Þannig sagði Úlfur Ragnarsson frá því, að fáum dögum áður hefðu þeir í Sálarrannsóknafélaginu haldið fund með hinum kunna miðli sínum, og hefði þá stjórnandinn Runólfur lagt ríkt á

við þá að heimur sinn í framlífi væri að öllu leyti samskonar og sá sem hér er. Annað sagði Úlfur sem mjög merkilegt var, að hann komst í sambandsástand og þótti honum sem hann "breyttist í leiftur" sem þyti síðan með ofsahraða um geiminn, unz hann kom á annan hnött og tók þar jafnskjött á sig mannsmynd aftur. Þessar frásagnir og aðrar fleiri sem þarna komu fram hefðu mátt verða efni í skemmtilegar samræður og góða samstillingu, en þó varð naumast um slíkt að ræða, og fóru þó umræður jafnan skipulega og vinsamlega fram.

Svo er auðvitað meir en lítill munur á því að skilja eins og við gerum og ætla að sá sem "breyttist í leiftur" hafi ekki verið læknirinn sjálfur, heldur draumgjafi hans á öðrum hnetti, sem fór með þessum hætti yfir á enn annan hnött. Og er hætt við að í almennum umræðum muni útlistanir okkar á slíkum hlutum þykja langsóttar og torskildar, meðan menn þekkja ekki þá undirstöðu sem byggt er á í Nýal, enda reyndum við ekki að skýra þetta þarna. - En mjög merkilegt er að heyra það af munni vel menntaðs manns sem þó þekkir ekki Nýal, að hann hefur orðið fyrir slíkri reynslu, því þetta er það sem alltaf er verið að segja okkur á sambandsfundunum, að slíkt geri þeir í framlífi. Hvað eftir annað lýsa þeir því að þeir séu nú komnir í stutta heimsókn á þeim hnetti sem samtalið er við, og hafa þá aflíkamast í fyrri staðnum og endurlíkamast á þeim síðari. Slíkt sem þetta hafa þeir verið að segja okkur, og er nú miklu auðveldara að láta það ganga lengra til félagsmanna, og annarra, eftir að staðfesting hefur komið á því úr annarri átt. Og er þetta ef til vill einn hinn mikilsverðasti árangur hins almenna fundar.

Galli var það á gjöf Njarðar að hljóðnemi sá sem látinn var ganga milli viðmælenda var vandmeðfarinn, og heyrðist því misjafnlega til manna í hátalara. Munu því ýmsir fundargestir hafa orðið fyrir vonbrigðum með umræðurnar, en engu að síður tel ég það ávinning að þær fóru fram og sömu skoðunar heyrast mér félagar okkar yfirleitt vera. Það sem stefna ber að, er að sambandsskilyrði batni, bæði hjá okkur og öðrum, en ekkert mundi fremur greiða fyrir því en almennur skilningur á því að, um samband við aðra hnetti er að ræða.

D.G.

LÍTIL UPPRIFJUN.

Oft gæti það orðið til aukins skilnings á afstöðu annara til ýmsra málefna, afstöðu, sem manni kann að finnast heimskuleg, að rifja upp eigin afstöðu til eins og annars fyrir löngu. Þannig hafði ég nokkuð framyfir tvítugsædur þá afstöðu til miðilsfyrirbæra eða sambandtilrauna, að þar hlyti allt að vera

vitleysa og að engu hafandi, og hefir sú afstaða að sjálfsgöðu ekki verið neitt gáfuleg eða nærri hinu rétta. Að vísu hafði ég litlu fyrir tvítugt lesið Drauma og Dulrúnir Hermanns Jónasonar, og tekið mark á því, sem þar var sagt. En beinar sambandstilraunir leit ég á með öðrum hætti, og hefir það vitanlega stafað af fáfræði um það efni. Mun á þessu fyrst hafa orðið breyting hjá mér, þegar ég eitthvert sinn átti tal við mann nokkurn, sem hélt fram hinu gagnstæða og ég hefi þá tekið eitthvert mark á. Man ég, að hann fullyrti, að svipir framliðinna birtust stundum eða líkömuðust á tilraunafundum, og hygg ég, að hann hafi framur byggt þá fullyrðingu sína á lestri bóka um þetta efni en á eigin raun. Ræð ég það af því sem hann á eftir sagði mér um þessa líkamninga, sem ef til vill hafa einungis verið "andamyndir". Hann sagði, að svo virtist mönnum helzt, að þeir hefðu einungis breidd og lengd en ekki þykkt, en eins og hver ætti að geta skilið, þó að ekki gerði ég mér neina grein fyrir því í þetta skipti, þá er hlutur eða líkami, sem einungis væri tvívíður, með öllum óhugsanlegur eins og líka fjórvítt rúm hlýtur að teljast líka. Og hvað skyldi nú hafa legið til grundvallar því, að þessi skilningur skyldi koma fram varðandi hina "andlegur líkami", eins og andatrúarmenn komast stundum að orði? Hugsast gæti, að hann hafi átt röt sína að rekja til þess, sem ég eitt sinn vitnaði til í bókinni "Útyfir gróf og dauða" varðandi "andamyndir", sem teknar voru á þvívíddar myndavél. (stereoskop). Er þar einmitt tekið fram, að "andamyndir" þessar hafi einungis orðið tvívíddarmyndir, þó að allt annað myndaðist þar eins og til var ætlast. En þó að ég láti mér detta í hug, að ályktun þessi kunní að hafa stafað frá nefndri bók, sem nýlega mun hafa verið komin út á Íslenzku, þegar samtál þetta átti sér stað, þá hefir það orðið fyrir misskilning einn á því, sem í henni stendur. Í bókinni er það einmitt tekið fram, að "andamyndirnar hafi áreiðanlega ekki komið inn um ljósop myndavélarinnar og þannig ekki verið ljósmyndir, og er því eðlilegt, að þar yrði ekki, hvað sjálfa "andana" snertir, um neina þrívídd að ræða. Hið eina, sem þar hefir því komið til greina, hefir því verið fjargeislan einhverskonar, eins og ég fyrir löngu hefi haldið fram, að ætti sér ævinlega stað varðandi svonamyndir.

D. J.